

Starfsáætlun Textílmíðstöðvar Íslands 2022

Starfsemi Textílmíðstöðvarinnar hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár með þátttöku í alþjóðlegum verkefnum og með uppbyggingu rannsóknarinnviða í textíl. Enn sem komið er hefur þessi þróun ekki orðið hluti af samningnum við ráðuneytið (mennta- og menningarmála og núna háskóla, vísinda og nýsköpunar). Árið 2022 eru opinber framlög til starfseminnar 24,2 milljónir frá ráðuneyti háskóla, vísinda og nýsköpunar samkvæmt samningi og styrkur frá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra til reksturs húsnæðis að upphæð 2 milljónir króna á ári fyrir 2022 og 2023.

Húsnæðismál

Á dagskrá er að endurskoða samninga Textílmíðstöðvarinnar og Ós Textíllistamiðstöðvar við Byggðasamlag um atvinnu og menningarmál vegna húsaleigu. En húsnæðið sem Textíllabið er í er framlag Blönduóbæjar til uppbyggingar á rannsóknarinnviðum í textíl á Blönduósi. Samningurinn við ráðuneytið byggir á úttekt sem unnin var 2017, en farið hefur verið fram á endurskoðun samningsins í ljósi þess að starfseminni hefur vaxið mjög ásmegin á undanförunum árum og ekkert því til fyrirstöðu að byggja upp öflugan rannsóknarinnvið í textíl hjá Textílmíðstöðinni með tilkomu Textíllabsins. Áherslan á sérstöðuna, textílinn, hefur skilað sér í fjölda samstarfsverkefna, innlendra sem erlendra.

Til að af slíkri uppbyggingu geti orðið þarf að efla starfsemina því ekki er hægt að byggja upp innviðina og reka Textíllabið eingöngu með styrkjum úr samstarfsverkefnum. Vegna þess er rekstur Textíllabsins í óvissu.

Uppbygging náms í textíl á Norðvesturlandi

Öflugt samstarf við samstarfsaðila í Centrinno og Shemakes verkefnunum skapa möguleika á að koma á alþjóðlegu námi á sviði textíls, þar sem unnið er með stafræna tækni og líftækni með áherslu á sjálfbærar og umhverfisvænar aðferðir.

Alþjóðlega samstarfsnetið Textile Academy er búið að samþykkja aðstöðuna í Textíllabinu sem fullgildan kennslustað í samstarfi við BioPol á Skagaströnd og Fab Labið á Sauðárkróki.

Í haust er stefnt að því að bjóða upp á staðbundið dreifnám í samstarfi við Textile Academy. Námið býður upp á það að öðlast nýja færni í nýsköpun innan textíls og fatahönnunar. Í náminu er lögð áhersla á stafræna tækni, líftextíl, snjalltextíl og fleira með áherslu á sjálfbærni. Námið hefst í september og lýkur með útskrift í apríl. Það skiptist upp í röð vikulegra verkefna fyrir áramót, en þá tekur við vinna við lokaverkefni þar sem nemendur nýta sér þá færni sem þeir hafa tileinkað sér.

Væntanlegur er leiðbeinandi frá IAAC í Barcelona sem mun halda utan um og leiða námið í Textíllabinu, en gerð er krafa um að leiðbeinandi hafi lokið náminu.

Haft hefur verið samband við Háskólann á Hólum og Háskólann á Bifröst til að skoða möguleika á viðurkenningu á náminu til ESTC eininga. En í Barcelona er námið metið til 45 ESTC eininga á meistarastigi.

Námskeið

Nokkur námskeið hafa verið haldin og verða fleiri á þessu ári. Listaháskóli Íslands kom í viku með nemendur á öðru ári í fatahönnun ásamt Þórunni Maríu Jónsdóttur deildarstjóra og er von á nemendum frá Listaháskólanum aftur í haust. Nemendur fengu kennslu í stafrænu vefstólunum, útsaumsvélinni sem og þæfingarvélinni. Einnig unnu nemendur á öðru ári í vöruhönnun verkefni í áfanganum *Staðbundin framleiðsla* í samstarfi við Textíllabið. Fengu nemendur tækifæri til þess að hanna vöru út frá þeim möguleikum sem Textíllabið býður upp á undir leiðsögn Jóns Helga Hólmgæirssonar. Höfðaskóli á Skagaströnd kom með nemendur í 5. - 7. bekk til þess að kynna sér Textíllabið sem og læra á þæfingarvélinu. Verkmenntaskólinn á Akureyri kom með nemendur í textíláfanga og útfærðu nemendur verkefni sín í leiserskurð, útsaum og þæfingu með tækjum í Textíllabinu.

Uppbygging Textíllabs og Textíllása á Norðurlandi vestra

Verkefnið hlaut styrk úr Lóa-nýsköpunarstyrkir fyrir landsbyggðina að upphæð 9 milljónir í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, BioPol á Skagaströnd, Ístex og Fab Lab á Sauðárkróki.

Markmið verkefnis er uppbygging Textíllása á Norðurlandi vestra og frekari uppbygging Textíllabs.

Prjónagleði 2022

Prjónagleðin verður haldin 10. - 12. júní nk. Eftir mjög vel heppnaða Prjónagleði 2021 standa vonir til þess að hátíðin 2022 verði enn fjölmennari og líflegri og festi sig þannig í sessi sem fastur viðburður í starfi Textílmíðstöðvarinnar og í menningarlífinu á Norðurlandi vestra. Að þessu sinni býður Textílmíðstöðin upp á 35 námskeið, þ.a. níu á ensku. Fjöldi fyrirlestra verða haldnir á hátíðinni sem og málstofa með örkyrningum tengdum prjónaskap, ull og hönnun. Textílmíðstöðin er aðal skipuleggjandi hátíðarinnar en leitast er við að virkja heimafólk til þátttöku og viðburðahalds á hátíðinni og búa þannig til fjölbreytta og áhugaverða dagskrá. Líkt og í fyrra verður Garntorgið haldið af Svanhildi Pálsdóttur og hafa 30 aðilar skráð sig með sölubása að þessu sinni.

Óslitinn þráður

Verkefnið þjónar fræðslu- og varðveisluhlutverki á handverki og þeirri menningar- og atvinnusögu sem tengist prjónamenningu og þróun hennar. Viðtöl verða tekin og myndefni unnið og framleitt til að setja handverkssögu prjóns og prjónafólks á Norðurlandi vestra á YouTube-rás. Rætt verður við fulltrúa eldri kynslóðanna sem muna heim sem er horfinn, þar sem prjónaskapurinn var hluti af lífsbaráttunni og því að klæða fjölskylduna, en einnig við fulltrúa úr þeim vaxandi hópi sem sér atvinnumöguleika tengda prjóninu.

Uppbyggingarsjóður SSNV styrkti verkefnið Óslitinn þráð um 600.000 kr.

Prjónastjarnan

Uppbyggingarsjóður SSSNV styrkti Prjónagleðina um 700.000 kr til þess að fá erlenda prjónastjörnu á Prjónagleðina 2021, ákveðið var að fresta þeim styrk til 2022 þar sem Covid og skammur fyrirvari kom í veg fyrir að styrkurinn nýttist með nógu markvissum hætti á þessu ári.

Sól í Sveit

Í verkefninu felst uppbygging á menningartengdri ferðaþjónustu með áherslu á textíl á Húnavöllum í samstarfi og í umsjón Húnavatnshrepps. Fram eftir hausti var gert ráð fyrir að samningur bærist frá Húnavatnshreppi um verkefnið, en af því hefur ekki orðið og er framtíð verkefnisins óviss.

Alþjóðleg samstarfsverkefni

Evrópuverkefnið Centrinno

Verkefnið hófst í byrjun september 2020 og lýkur í febrúar 2024. Um er að ræða samstarfsverkefni stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka í níu Evrópuborgum og er það Mílanóborg sem leiðir verkefnið. Á Íslandi voru samstarfsaðilarnir upphaflega þrír, þ.e. tveir auk Textílmíðstöðvar; Háskóli Íslands og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Eftir að í ljós kom í frumvarpi ráðherra ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunar að Nýsköpunarmiðstöð Íslands yrði lögð niður, var haft samband við ráðuneytið og Mílanóborg. Starfsfólk verkefnisins hjá Mílanóborg vann síðan að breytingartillögu á verkefninu í samstarfi við Textílmíðstöð Íslands, sem leiðir verkefnið á Íslandi. Niðurstaðan var að lagt var til við Evrópusambandið að Textílmíðstöð Íslands og Háskóli Íslands tækju í sameiningu yfir verkefnispátt Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sem og fjármagn, og er búið að samþykkja þá tillögu. Verkefnin eru umsjón með innleiðingu stafrænnar tækni og námskeið í tengslum við stofnun fyrirtækja, sjálfbærni og hringrásarhagkerfið.

Mikil gagnasöfnun og kortlagning á sér stað í verkefninu. Háskóli Íslands hefur tekið viðtöl í tengslum við nýtingu á húsnæði Kvennaskólans. Verið er að skoða sögu kvenna sem frumkvöðla í textíl, hagsmunaaðilar í textíl hafa verið kortlagðir og spurningalistar hafa verið þýddir og sendir til helstu aðila sem koma að hringrásarhagkerfinu í tengslum við ullarframleiðslu, endurvinnslu og förgun á textíl.

Verkefnafundir eru haldnir tvisvar á ári og voru tveir fyrstu fundirnir haldnir í fjarfundi vegna Covid. Í október á síðasta ári var síðan fyrsti fundurinn, þar sem þátttakendur hittust, haldinn í Amsterdam. Fjórði fundurinn verður síðan haldinn í Barcelona 16. - 20. maí. Fundir vegna „Pilot“ verkefnanna eru haldnir hálfsmánaðarlega einnig eru haldin stutt námskeið til að læra á bæði hugmyndafræði og tækni og upplýsingafundir vegna gagnasöfnunar. Fulltrúaráðsfundir eru haldnir á þriggja mánaða fresti, en allar breytingar þarf að byrja á að leggja fyrir fulltrúaráðið.

Pilot verkefnunum er deilt á hvert ár sem verkefnin standa, sjö mánaða tímabil þar sem staðið er fyrir viðburðum og námskeiðum og er opnun Textíllabsins hluti af Blönduós „Pilot“ verkefninu.

Á dagskrá er að halda námskeið í TextílLabinu og í umhverfismálum og mun hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins fléttast inn í alla nálgun.

Eftir að Textílmíðstöðin tók yfir hluta af verkefnum Nýsköpunarmiðstöðvar er hámarks mögulegt fjármagn til Textílmíðstöðvarinnar á verkefnistímanum, sem eru 42 mánuðir, 575.400,93 evrur eða um 80 milljónir kr.

Allure-Erasmus+

Samstarfsverkefni þar sem áherslan er á að þróa viðmót (app) sem hægt er að nota til að kynna sýningar, viðburði og námskeið með áherslu á einstaklinga og hópa sem eru ekki að sækja menningarviðburði og námskeið.

Samstarfsaðilarnir eru; mennta- og ferðamálaráðuneyti Galisíu á Spáni (Consellería de Cultura e Turismo, Xunta de Galicia) sem jafnframt leiðir verkefnið, Háskólinn í Vigo Pontevedra á Spáni, og samtök atvinnurekenda (Associação Empresarial De Portugal) í Portúgal og Vinnustofur Lifandi Menningar í Lublin (Warsztaty Kultury w Lublinie) Póllandi. Sigvaldi Sigurðarson tók að sér að sjá um Allure verkefnið fyrir hönd Textílmíðstöðvarinnar. Sigvaldi hefur sérþekkingu á áherslum verkefnisins um aðgengi jaðarhópa að námskeiðum, söfnum og sýningum. Verkefnið er hafið og lýkur árið 2023.

Styrkurinn til Textílmíðstöðvarinnar er 23.136 evrur.

North Atlantic Wool Walks & Workshops

Verkefnið er unnið í samstarfi við Búnaðarstovan í Færeyjum, Sommerakademiet í Noregi og Nýsköpunarmiðstöð Suður Grænlands, auk einstaklinga með sérfræðiþekkingu í söfnun og framsetningu á viðtölum, kvikmyndagerð og uppbyggingu menningartengdrar ferðapjónustu. Á þessu árið verður haldið áfram að móta og prófa ullar og textíl ferðapakkana sem settir voru saman árið 2021. Farið verður í prufuferðir til Noregs í apríl og Færeyja í september, auk þess sem Grænland verður heimsótt í júlí, þar sem ferðin þangað féll niður árið 2021. Í þessum ferðum kynnast þátttakendur ullarbúskap, ullarvinnslu, handverki og listsköpun og sérstöðu í þeim efnum í hverju landi fyrir sig. Alþjóðleg netráðstefna; Wool, Tourism & Innovation var haldin 20. apríl á vegum verkefnisins þar sem fyrirlesarar frá Íslandi, Skotlandi, Noregi, Grænlandi og Færeyjum fluttu erindi. Ráðstefnuna sóttu yfir 100 manns og verður hún sett á heimasíðu Textílmíðstöðvarinnar.

Á árinu verður hugmyndafræðin sem liggur að baki ferðunum útfærð enn frekar með sjálfbærni og yndisferðamennsku, „slow tourism“, að leiðarljósi. Einnig verður unnið að markaðsáætlun fyrir ferðirnar og leitað eftir samstarfi við þá aðila í hverju landi sem gætu komið ferðunum á markað og selt þær.

Verkefnið er leitt af Textílmíðstöðinni og hlaut árið 2021 hæsta mögulega styrk úr NORA kr. 500.000 dkk. (10.530.000.-).

Verkefnið fékk framhaldsstyrk fyrir árið 2022, sömu upphæð, kr. 500.000 dkk.

Shemakes

Textíllabið okkar varð hluti af Shemakes. Verkefnið er styrkt af ESB og er tveggja ára verkefni sem hófst árið 2021. Verkefnið hefur nú þegar verið í gangi í eitt ár og komum við

inn sem „TransferLab“, þar sem við fáum aðstoð við að yfirfæra þekkingu frá öðrum smiðjum víðsvegar um Evrópu til Íslands. Markmið þessa hóps er að styrkja kvenkyns frumkvöðla til þess að taka leiðandi hlutverk í að skapa sjálfbærar textíl-, tísku- og fataiðnað með því að veita þeim innblástur, hæfni og tengslanet. Að verkefninu kemur fjöldinn allur af stofnunum og fyrirtækjum sambærilegum TextílLabinu víðsvegar um Evrópu, sem munu deila þekkingu og reynslu sinni til þess að ná þeim markmiðum.

Í samstarfi við Shemakes og IAAC Fablab í Barcelona stóð Textílmíðstöðin fyrir sjö námskeiðum sem haldin voru í TextílLabinu. Umsjón með námskeiðunum hafði Petra Garajová. Búið er að ráða Petru til þess að leiða námið í Fabric Academy og kemur hún til starfa í september. Styrkurinn er 15.000 evrur.

Parfagreining

Shemakes verkefnið og Centrinno verkefnið voru samtvinnuð við gerð parfagreiningar þar sem á annað hundrað aðila sem vinna með textíl fengu senda könnun. Spurningarnar í könnuninni spönnuðu breitt svið bæði hvað varðar námskeið í tengslum við stofnun fyrirtækis, markaðssetningu o.s.frv. og spurningar um áhuga fólks á að vinna í TextílLabinu. Svörin gefa mikilvægar upplýsingar um hvar áhugi fólks liggur og nýtast við að þróa námskeiðin sem verða haldin í haust og næsta vor.

Í Centrinno verkefninu á sér stað umtalsverð gagnasöfnun og kortlagning og á þessu ári verður haldið áfram að kortleggja alla helstu hagsmunaaðila í textíl á Íslandi og skoða hvaða upplýsingar er hægt að nálgast um hringrásarhagkerfið í tengslum við textílinn.

Í samstarfi við Háskóla Íslands fékkst styrkur úr Nýsköpunarsjóði námsmanna sem mun nýtast við kortlagninguna.

Á dagskrá er jafnframt að taka viðtöl við textíláhugafólk og er það hluti af bæði NORA verkefninu og Shemakes verkefninu, þó áherslurnar séu ekki þær sömu.

Um áramót tók fyrirtækið RH Endurskoðun við umsjón með bókhaldi, launagreiðslum, gerð ársreikninga og aðstoð við fjármálauppgjör í Evrópuverkefninu Centrinno.

Í þessari áætlun hefur einungis verið fjallað um helstu verkefni og möguleikar á frekari nýsköpun á þróun í tengslum við textílinn spanna breitt svið og skarast við flestar ef ekki allar fræðigreinar, enda textíllinn samofinn okkar tilveru.

Fjárhagsáætlun 2022		
Tekjur:		
	Samningur við ríkið	24,200,000
	Centrino	25,000,000
	Lóa-Nýsköpunarstyrkir	6,500,000
	Styrkir SSNV	2,000,000
	Allure	2,500,000
	Innviðasjóður	2,000,000
	Shemakes	2,000,000
	Atlantic Wool Walks	2,400,000
	Prjónagleði	2,200,000
	Óslitinn þráður	600,000
	ÓS-Textíllistamiðstöð þátttaka í kostnaði	4,800,000
		74,200,000
Gjöld:		
	Laun og launatengd gjöld	41,200,000
	Aðkeypt þjónusta	15,500,000
	Kostnaður vegna verkefna	3,800,000
	Húsaleiga	2,100,000
	Rekstur húsnæðis	2,500,000
	Bókhald og reikningsskil	840,000
	Funda og ferðakostnaður	1,500,000
	Akstur og dagpeningar starfsmanna	2,300,000
	Gjaldfærð áhöld og tæki	1,500,000
	Skrifstofukostnaður (sími, tölvukostn.,pappír oþh)	1,400,000
	Auglýsingar og kynningar	800,000
	Annar kostnaður	500,000
		73,940,000
	Tekjur umfram gjöld	260,000